

# Reikningsskilaráð ríkisins

70. Fundur – 29. mar 2023 kl. 09:00

## Fundargerð

### Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Hrafnhildur Arnkelsdóttir.
- Fjarverandi: Björn Þór Hermannsson.
- Fjóla Agnarsdóttir frá Hagstofunni.
- Guðmundur Björgvin Helgason og Hinrik Þór Harðarson frá Ríkisendurskoðun.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 69. fundar var samþykkt.

### 2. Ríkisreikningur 2022, framsetning

Farið var yfir vinnu og tímamörk við gerð Ríkisreiknings fyrir árið 2022. Gert er ráð fyrir að Ríkisreikningur liggja fyrir lok maí.

### 3. Frestun staða 2022 og innleiðingaráætlun frestaðra staðla

Farið var yfir innleiðingu á IPSAS stöðlum. Fyrir næsta fund verður send beiðni til ráðsins frá Fjársýslunni og Fjármála- og efnahagsráðuneytinu um heimild til að fresta innleiðingu nokkurra IPSAS staðla. Verður sú beiðni í samræmi við fyrri samþykktir ráðsins.

### 4. Erindi til ráðsins og ákvarðanir.

Engar ákvarðanir teknar til umræðu.

### 5. Önnur mál.

- *OECD Working Party on Financial Management and Reporting.* Farið var yfir umræður sem voru á ráðstefnu OECD um fjármálastjórn og innleiðingu opinberra reikningsskilastaðla.
- *Vinnuhópur um skuldbindingar og framlög.* Verið er að skoða framsetningu samninga og skuldbindinga í efnahagsreikningi ríkissjóðs og verður bókun ráðsins kláruð þegar endanleg greining liggur fyrir.
- *Bundið eigið fé, næstu skref.* Flest bendir til að bundið eigið fé verði ekki tekið út úr ársreikningum ríkisaðila á árinu 2022. Verið er að skoða útfærslu á því hvernig unnt er að afmá það úr reikningum viðkomandi ríkisaðila á árinu 2023.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.